

Samningur milli ábyrgðaraðila persónuupplýsinga og vinnsluaðila persónuupplýsinga

Inngangur

Samningur þessi, á milli ábyrgðaraðila persónuupplýsinga og vinnsluaðila persónuupplýsinga er gerður á grundvelli 25. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög), sbr. lögfestingu persónuverndarreglugerðarinnar (ESB) 2016/679¹ (persónuverndarreglugerðin). Vinnsluaðila, eða þeim sem starfar í umboði hans, er einungis heimilt að starfa í samræmi við skrifleg fyrirmæli ábyrgðaraðila og í samræmi við gildandi lög og reglur, þ.m.t. hvað varðar miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands. Að öðru leyti gilda ákvæði persónuverndarlaga og reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, eftir því sem við á og trúnaðarskyldur ábyrgðaraðila og vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.

Hafi ábyrgðaraðili og vinnsluaðili áður gert nytjaleyfis- og þjónustusamning um upplýsingakerfið gilda ákvæði þessa samnings framur ákvæðum nytjaleyfis og þjónustusamnings ef ákvæðin teljast ósamrýmanleg.

1. Aðilar samnings – ábyrgðaraðili og vinnsluaðili

Aðilar samnings þessa eru:

Ábyrgðaraðili persónuupplýsinga: **Grunnskóli Snæfellsbæjar**, kt. 510694-2449, Ennisbraut 11, 355 Ólafsvík, í samningi þessum nefndur ábyrgðaraðili.

Vinnsluaðili persónuupplýsinga: **InfoMentor ehf.**, kt. 450912-1900, Fellsmúla 26, 108 Reykjavík, í samningi þessum nefndur vinnsluaðili.

Um skilgreiningar hugtaka vísast til 4. gr. samnings þessa.

2. Lögmæti og heimild til vinnslu persónuupplýsinga í InfoMentor upplýsingakerfinu

Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla skulu foreldrar veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins.

Allir grunnskólar landsins sem eru ábyrgðaraðilar samkvæmt samningi þessum, hafa heimild á grundvelli 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga til að skrá tilteknar persónuupplýsingar um nemendur í rafrænt upplýsingakerfi. Hér er um að ræða upplýsingar um nemendur eins og þær eru skilgreindar af ábyrgðaraðila í 3. gr. samnings þessa.

Samkvæmt 11. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, fer um ráðningu skólastjóra og starfsfólks grunnskóla eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í stjórn sveitarfélagsins eftir því sem við á. Á grundvelli framangreinds er skólastjóra heimilt skv. 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga, að skrá tilteknar persónuupplýsingar um starfsmenn ábyrgðaraðila.

¹ Eins og hún er tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann eða starfsmenn hans skrá í kerfið.

Ábyrgðaraðili skal gæta að því að skráningar séu málefnalegar, sanngjarnar og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Skólastjóri viðkomandi grunnskóla skal hafa eftirlit með framangreindum upplýsingum skv. 9. gr. reglugerðar nr. 897/2009, um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Skólastjóri getur hvenær sem honum hentar sent vinnsluáðila, skriflegar spurningar sem tengjast verklagi og/eða ráðstöfunum og öðrum atriðum sem talin eru nauðsynleg til að uppfylla samning þennan og lagaskyldu.

3. Vinnsla persónuupplýsinga

Eftir skriflegum fyrirmælum ábyrgðaraðila og á grundvelli samnings þessa hefur vinnsluáðili aðgang og heimild til þess að vinna með persónuupplýsingar um nemendur og starfsmenn á vegum ábyrgðaraðila. Skuldbindur vinnsluáðili sig til að vinna með og meðhöndla umræddar upplýsingar í samræmi við skilmála samningsins. Eðli vinnslu starfsmannar skv. samningi þessum er að vinnsluáðili gerir ábyrgðaraðila kleift að sinna þeim lagaskyldum sem á honum hvíla vegna starfsemi sinnar. Vinnsluáðili veitir ábyrgðaraðila þjónustu í formi upplýsingakerfis sem er sniðið að grunnskólum og þörfum þeirra.

Tilgangur vinnslu er að uppfylla lagaskyldu samkvæmt ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Jafnframt er tilgangur vinnslu að uppfylla lagaskyldu samkvæmt ákvæði 5. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

Vinnsluáðila er heimilt að vinna með eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga:

Grunnupplýsingar um nemendur:

Um er að ræða grunnupplýsingar um nemanda, þ.e. nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang, símanúmer og tengiliðaupplýsingar um nánustu aðstandendur, ljósmynd, einkunnir, fjarvistir, heimavinnu og almenna umfjöllun um atburði sem eiga sér stað á skólatíma. Ábyrgðaraðili skal skilgreina og upplýsa vinnsluáðila um hvaða grunnupplýsingar skulu færðar inn í vefkerfið.

Grunnupplýsingar um starfsmenn ábyrgðaraðila:

Um er að ræða grunnupplýsingar um starfsmenn ábyrgðaraðila, þ.e. nafn, heimilisfang, tölvupóstfang, símanúmer, tengiliðaupplýsingar um nánustu aðstandendur, starfsheiti, upplýsingar vegna launa, ráðningarhlunninda, launaflokkur, menntunarnúmer, starfshlutfall, tímaskráningar og forföll.

Grunnupplýsingar um starfsmenn frístundamiðstöðva:

Um er að ræða grunnupplýsingar um starfsmenn frístundamiðstöðva, þ.e. nafn og tölvupóstfang.

Viðkvæmar persónuupplýsingar:

Um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. um greiningar eða heilsufar, um nemendur eða aðstandendur þeirra í rafræn upplýsingakerfi til samræmis við skilgreiningu laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 á hugtakinu.

Vinnsluáðila er heimilt að vinna með eftirfarandi flokka af skráðum einstaklingum: Grunnskólabörn, forráðamenn og starfsmenn ábyrgðaraðila, sem og hverja þá flokka skráðra einstaklinga sem ábyrgðaraðili ákveður að séu skráðir í kerfið hverju sinni.

4. Skilgreiningar

Um samning þennan er hvort tveggja notuð heitin „samningur“ eða „vinnslusamningur.“

Samningur þessi inniheldur samskonar skilgreiningar og finna má í ákvæðum persónuverndarlaga, reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra

